

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 302/1975 um greiðslu á launum
úr ríkissjóði við gjaldþrot.**

1. gr.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Ríkissjóði ber að greiða vexti af greiðslum þeim, sem honum ber að greiða samkvæmt grein þessari. Vextir þessir skulu vera í samræmi við almenna sparisjóðsvexti eins og þeir eru á hverjum tíma og reiknast frá greiðsludegi allt að 18 mánuði aftur í tímann.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lögum nr. 31 28. mars 1974 um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 14. mars 1979.

Magnús H. Magnússon.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

20. mars 1979.

Nr. 129.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins
nr. 87/1954, 129/1965, 122/1967 og 377 1974.**

1. gr.

11. gr. orðist svo:

Vegna barnsburðar skal kona, sem starfað hefur í þjónustu ríkisins samfellt í 6 mánuði fyrir barnsburð eiga rétt á að vera fjarverandi með fullum launum í samtals 90 daga og skal um uppgjör fyrir yfirvinnu farið eftir ákvæðum 6. gr. Séu lengri frátafir nauðsynlegar að dómi lækna skal meta þær eftir reglum um veikindadaga, sbr. 6. gr.

Réttar skv. grein þessari nýtur kona án tillits til ráðningarforms.

Kona, sem fer í barnsburðarleyfi skal hafa tilkynnt við upphaf leyfis, ef hún hyggst láta af starfi við lok leyfisins. Ef breyttar heilsufarsástæður eða aðrar breyttar fjölskylduástæður, sem ekki verða séðar fyrir, verða á leyfistímanum skal þó tekið tillit til slíkra aðstæðna.

Um framkvæmd á barnsburðarleyfi kennara fer skv. sérákvæðum í samningum fjármálaráðherra og einstakra kennarafélaga.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 17. gr. laga nr. 38/1954 öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 20. mars 1979.

Tómas Árnason.

Þorsteinn Geirsson.